

Alþingi

Erindi nr. Þ 133/523

komudagur 1. 12. 2006

Magnús Björnsson, ritari TFÍ
Stýrimannastíg 9
101 Reykjavík
Netfang: magnusbjo@simnet.is

Athugasemdir vegna draga að frumvarpi til laga um embætti landlæknis

Tannlæknafélag Íslands þakkar fyrir að vera gefinn kostur á að koma með athugasemdir við drög að frumvarpi til nýrra laga um embætti landlæknis. Helstu athugasemdir félagsins vegna þessara frumvarpsdraga lúta að stöðu tannlækna í heilbrigðisþjónustu og bendir félagið á og ítrekar athugasemdir sínar varðandi drög að frumvarpi um heilbrigðisþjónustu frá 28. febrúar 2006. Samkvæmt drögum að frumvarpi til laga um embætti landlæknis er þó gert ráð fyrir heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa sjálfstætt að heilbrigðisþjónustu sem er ekki kostuð af ríki eða sveitarfélögum, og eru ekki með samninga um heilbrigðisþjónustu eins og á til dæmis við um tannlækna. Erfitt er þó fyrir tannlækna að staðsetja sig í frumvarpinu eins og bent var í athugasemdum um drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu og verður farið yfir ákvæði frumvarsdraganna út frá því. Rétt er að taka fram að félaginu hefur ekki verið kynntar neinar breytingar á drögum að lögum um heilbrigðisþjónustu

I. Kaffli.

Í 1. kafla, 3. gr. kemur fram að lögin taki til skilgreindra þátta og í 4.lið greinarinnar segir:

“*Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna: Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins*”

og ættu drögin því í víðasta skilning að eiga við tannlækna jafnt sem aðra heilbrigðisstarfsmenn samanber athugasemdir höfunda draganna. Það verður þó ekki séð að sú hafi verið hugmynd höfunda draganna. Við leit í drögunum finnst þannig hvergi orðið ”tannlæknar” og tannlækningar koma aðeins fyrir vegna breytinga á öðrum lögum á einum stað í drögunum í 8.málgrein 23. greinar. Skilgreiningin er ekki í samræmi við drög að frumvarpi um heilbrigðisþjónustu.

II. Kaffli.

4. gr. Staflíður d.

Í greininni kemur fram að hlutverk landlæknis í staflíð d. sé að hafa eftirlit með lyfjaávisunum lækna og fylgjast með lyfjanotkun landsmanna,

Ekki er hægt að sjá að sjálfstætt starfandi tannlæknar rúmist innan þessarar greinar, enda gilda undarlegar sérreglur um lyfjaávisanir tannlækna sem félagið hefur margbent að séu ekki í samræmi við skilgreiningu á tannlækningum og lyfjaávisanir þeirra í öðrum löndum. Félag tannlækna hefur engar athugasemdir við að landlæknir hafi eftirlit með lyfjaávisunum tannlækna eins og annarra lækna end eru störf þessara stétta hliðstæð en það skortir mikið á að tannlæknar njóti þess í lagasetningum og regluverki ráðuneyta. Ef skilgreining dragann á læknum túlkist að það nái yfir jafnt yfir almenna lækna, húðlækna og tannlækna þarf að geta þess.

6. gr. Faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu

Félagið hlýtur að gera þá kröfu að samræmdar verði reglur sem varða rekstur tannlæknastofa og annarra heilbrigðisstarfsstöðva hvort sem þær eru faglegar eða rekstrarlegar. Að landlæknir komi með tillögur um húsnæði, aðstöðu, tæki og búnað til reksturs tannlæknaþjónustu er í sjálfu sér eðlilegt sé tryggt að aðrir aðilar hverfi af eftirlitssviði tannlæknastofa og annarra starfsstöðva heilbrigðisstétta hvað varðar þessi atriði.

Almennt varar Tannlæknafélagið við óheftu reglugerðarfargani sem gerir lítið annað en að íþyngja rekstaraðilum heilbrigðisþjónustu og flækja rekstrarumhverfi.

8. gr. Skýrslugerð og heilbrigðisskrár.

Þessi grein í drögunum er er agjörlega óframkvæmanleg og óásættanleg í rekstri sjálfstætt starfandi tannlækna og verður ekki séð að embætti landlæknis sé fært um að gefa fyrirmæli um slíkar skráningar. Skráningar tannlækna eru löngu hefðbundnar og hlíta ákveðnum lögmálum. Reikningsgjöf tannlækna er einnig að hluta bundin ákvörðunum ráðuneytis og er hluti upplýsingaskráningar tannlæknastofa. Tannlæknafélagið hefur ekkert við það að athuga að landlæknir samræmi gerð sjúkraskráa en áskilur sér rétt til athugasemda og tillögugerðar hvað það varðar. Tannlæknafélagið gerir athugasemdir við heimildir landlæknis til að krefjast óskilgreindra upplýsinga af sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttum. Greinin gerir auk þess ekki ráð fyrir að neinn greiði fyrir skýrslugerðir sem þessar, skýrslugerðir og vinnu sem snerta opinbera aðila á allt annan hátt en sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir.

9. gr. Skráning óvæntra atvika

10. gr. Tilkynningarskylda

Tannlæknafélagið gerir ekki athugasemdir við þessar greinar utan þess að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að verða tryggðir gegn mistökum eða óvæntum atvikum sem skaðað geta sjúklinga. Hér er því um afar flókið mál að ræða sem nær langt út fyrir læknisfræði og teygir sig inn í heim lögfræði og tryggingafræði. Tilkynningarskylda eins og lýst er í drögunum hlýtur og verður að vera af öðrum toga.

12. gr Kvörtun til landlæknis.

Kvörtun til landlæknis hlýtur að vera endapunktur á einhverju ferli sem hvergi er skilgreint í drögunum . Hverjum heilbrigðisstarfsmanni og hverri starfstöð, hverri stétt hlýtur að bera skylda til, og hafa rétt á, að að leysa venjuleg ágreiningsmál um veitta þjónustu án afskipta landlæknis. Í þessari grein er boðað að landlækni sé skylt að sinna slíkum kvörtunum án þess að nokkrar tilraunir hafi verið gerðar til að leysa ágreining eða kvörtunarefni áður en til afskipta landlæknis kemur. Þetta er meginbreyting, afturför, sem félagið varar við. Hér hefði verið rétt að skilgreina eitthvað ferli áður en til afskipta landlæknis kemur.

Félagið gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar draganna.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er þess getið að frumvarpið sé lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu. Hvergi hafa tannlæknar komið að málum og tannlækna er hvergi að finna í nefndum sem semja drögin. Tannlæknafélagið gerði athugasemdir við drög að frumvarpi um heilbrigðisþjónustu. Ekki hefur félagið verið upplýst

um afdrif athugasemda þess. Bæði drögin bera þess merki að fulltrúar sjálfstætt strafandi heilbrigðisstétta hafa ekki verið með í ráðum. Hér er um að ræða vinnulag opinberra starfsmanna sem þekkja ekki rekstur og þau vandamál sem kalla að slíkum rekstri í heilbrigðisgeiranum. Embætti landlæknis er mikilvægara en svo að kaffæra þurfi vald þess í skýrslusöfnunum og einhverju eftirliti sem sinnt er af öðrum aðilum nú þegar Drögin bera þess merki að höfundar telji að aukning í eftirliti og skýrslugerð geri eitthvað til að bæta heilsufar. Það er ekki álit Tannlæknafélags Íslands. Skýrar reglur, greinargóð lög og góð og heilbrigð stéttarvitund og samvinna heilbrigðisstétta er heilbrigði miklu mikilvægari.

Að lokum telur Tannlæknafélag Íslands rétt að áréttu athugasemdir félagsins við drög að frumvarpi um heilbrigðisþjónustu.

Virðingarfyllst fyrir hönd Tannlæknafélags Íslands

Sigurjón Benediktsson, formaður TFÍ